



Námskrá

Fjölbreytt framboð símenntunar



Haut 2011

Efnisyfirlit

Skólabrú – nám fyrir skólaliða, leiðbeinendur á leikskóla og stuðningsfulltrúa . . .	4
Menntastoðir 2 annir - KVÖLDNÁM	4
Menntastoðir 1 önn - DAGNÁM	4
Grunnmenntaskólinn - Haust 2011	4
Nám- og þjálfun í almennum bóklegum greinum – Haust 2010 til vor 2011 . . .	5
Félagliðabrá	5
Fagnámskeið 2	5
Skref til Sjálfshjálpar	5
Skrifstofuskólinn, kvöld- eða dagnám	5
Sterkari starfsmaður	6
Excel I	8
Excel II	8
Tölvunámskeið fyrir eldri borgara	9
Gott tölvunámskeið	9
Photoshop – Lærðu að vinna með ljósmyndir!	9
Tölvunámskeið fyrir lesblinda	10
Lightroom	10
Word – fyrir þá sem vilja læra að setja upp ritgerðir	10
Apple námskeið – fyrir byrjendur	11
Ljósmyndirnar í Picasa	11
Iphone/Ipad námskeið	11
Lærðu á snjallsímamann þinn	12
Jóla kortin í tölvunni	12
Stafræn myndbandagerð	12
Basic computer training (a course in english)	13
Enska fyrir atvinnulífið	13
Enska fyrir konur - byrjendanámskeið	13
Norska I	14
Norska II	14
Spænska fyrir byrjendur	14
Íslenska fyrir útlendinga	14
Alvöru bókhaldsnámskeið	15
Markmið námskeiðsins er að nemendur:	15
Landnáms hænur - viltu láta drauminn rætast?	16
Hristinganámskeið	16
Holl nammigerð	17
Lærðu að taka betri myndir - byrjendanámskeið	17
Skapandi ljósmyndun	17
Tenórröddin í óperunni	18
Tónlistarnámskeið fyrir foreldra ungubarna	18
Reiða barnið	19
Sjálfsmynd og samskipti	19
Viltu hjálpa barninu þínu að læra stærðfræði ?	19

Ágætu Eyfirðingar

Nú er enn ein vorönnin að fara af stað og úrval sí- og endurmenntunarmöguleika slíkt að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Eitt af markmiðum SÍMEY er að gefa íbúum á svæðinu sem besta yfirsýn yfir þá símenntun sem þar er í boði og er þessi námskrá liður í að ná því markmiði. Námskeiðin eru skráð í tímaröð en upplýsingar um þau öll má auk þess finna á heimasíðu SÍMEY www.simey.is.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um breytingar sem á kunna að verða og að næg þátttaka náist. Flest námskeiðanna miðast við 8 manna lágmarkspáttöku og 15-20 manna hámarkspáttöku.

Verð á námskeiðunum kemur fram í hverri námskeiðslýsingu og gert er ráð fyrir að námskeiðsgjaldið sé greitt í fyrsta tíma nema annað sé tekið fram.

Náms- og starfsráðgjöf

Fyrir þá sem hafa áhuga á að efla sig með frekara námi, en eru kannski ekki vissir um hvar sé best að byrja bendum við á þjónustu náms- og starfsráðgjafa miðstöðvarinnar en allir geta pantað viðtal sér að kostnaðarlausu og fengið aðstoð við að fóta sig og ákveða næstu skref.

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að veita fólki á öllum aldri upplýsingar um nám og störf og aðstoða við að finna nám, sí- og endurmenntun og starfsvettvang við hæfi. Aðstoð við að meta stöðuna, áhuga og hæfni og gera heildstæða áætlun um mögulegar leiðir. Góð hvatning sem getur haft úrslitaáhrif þegar tekist er á við ný verkefni.

Fyrir atvinnuleitendur

Vinnumálastofnun er heimilt að styrkja atvinnuleitanda sem er tryggður innan atvinnuleysis tryggingakerfisins vegna þátttöku hans í starfstengdu námi eða námskeiði sem viðurkennt er sem vinnu- markaðsúrræði, sbr. a- og d-lið 1. mgr. 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Styrkurinn skal að hámarki nema 50% af námskeiðsgjaldi en þó aldrei hærri en 70.000 kr. á önn eða á hverjum þrettán vikum.

Skilyrði fyrir veitingu styrks skv. 1. mgr. er að hið starfstengda nám eða námskeið komi til með að nýtast atvinnuleitandanum beint við atvinnuleit að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar og er til þess fallið að skila honum árangri við að finna sér starf.

Með bestu kveðjum og von um kröftuga þáttöku í símenntun,
Erla Björg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri SÍMEY

PS: Ekki gleyma að kanna möguleikana á styrkjum hjá stéttarfélögum ykkar og starfsmenntasjóðum!

Námsleiðir á Akureyri

Skólabrú – nám fyrir skólaliða, leiðbeinendur á leikskóla og stuðningsfulltrúa

Námið í skólabrú er kennt eftir námsskrá frá Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins og er metið til 22 eininga á framhaldsskólastigi miðað við aðalnámsskrá framhaldsskóla. Þátttakendur Skólabrúar þurfa að vera orðnir 22ja ára til að hefja námið ásamt því að hafa a.m.k. 3ja ára starfsreynslu. Þátttakendur þurfa einnig að hafa lokið allt að 220-230 klst. í starfstengdum- og/eða sí-og endurmenntunarnám-skeiðum.

Um er að ræða síðdegisnám sem fram fer tvö kvöld í viku. Nánari upplýsingar veita Betty eða Valgeir í síma 460-5720, einnig er hægt að senda póst á betty@simey.is eða valgeir@simey.is. Umsóknar-frestur er til 15. ágúst 2011. Þátttakendur greiða fyrir hverja önn og er verðið 22.000,- hægt er að sækja um styrk fyrir þeirri upphæð í stéttarfélag viðkomandi.

Námssgreinar í náminu eru uppeldisfræði, fötun, leikur náms og þroska, matur og næring, samskipti og samstarf, skyndihjálp, þrif og umsjón, þroski og hreyfing. Nám á skólaliðabrú tekur tvær annir.

Verð: 21.000,- önnin

Menntastoðir 2 annir - KVÖLDNÁM

Menntastoðir er námsleið sem menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi til styttingar náms í framhaldsskóla til allt að 48 eininga. Námsleiðin hefst í ágúst 2011 og lýkur í maí 2012. Tilgangur með Menntastoðum er að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms og að auðvelda þeim að takast á við ný verkefni í vinnu.

Námið er ætlað fólki á vinnumarkaði, eldra en 20 ára og með stutta formlega skólagöngu. Nemendur þurfa ekki að hafa lokið neinum einingum úr framhaldsskóla til að komast inn á Menntastoðir. Nemendur sem eru 25 ára og eldri og ljúka námi og hafa 3ja ára starfsreynslu geta sótt um á Háskólabrú Keilis að námi loknu.

Námssgreinar í náminu eru sjálfsefning, enska, íslenska, stærðfræði, tölvur og danska.

Verð: 110.000,-

Menntastoðir 1 önn - DAGNÁM

Menntastoðir er námsleið sem menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi til styttingar náms í framhaldsskóla til allt að 48 eininga. Tilgangur með Menntastoðum er að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms og auðvelda þeim að takast á við ný verkefni í vinnu.

Námið er ætlað fólki á vinnumarkaði, eldra en 20 ára og með stutta formlega skólagöngu. Nemendur þurfa ekki að hafa lokið neinum einingum úr framhaldsskóla til að komast inn á Háskólastoðir. Nemendur sem eru 25 ára og eldri og ljúka námi og hafa 3ja ára starfsreynslu geta sótt um á Háskólabrú Keilis að námi loknu.

Námssgreinar í náminu eru sjálfsefning, enska, íslenska, stærðfræði, tölvur og danska

Hefst á ný í janúar 2012

Verð: 110.000,-

Grunnmenntaskólinn - Hausti 2011

Grunnmenntaskólinn er nám þar sem tekinn er fyrir og kenndur grunnurinn úr framhaldsskóla. Markhópurinn eru allir með stutta formlega skólagöngu og/eða vilja hefja nám að nýju.

Meðal kennslugreina er íslenska, enska, stærðfræði, tölvur, upplýsingatækni, námstækni o.fl.. Námið má meta til 24 eininga á framhaldsskólastigi. Í náminu er lögð áhersla á að þátttakendur læri ákveðna námstækni og eflist sem námsmenn og auki þar með sjálfstraust sitt.

Verð: 51.000,-

Nám- og þjálfun í almennum bóklegum greinum – Haust 2010 til vor 2011

Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum er ný námsleið frá Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins. Námið er 200 klst. og má meta til allt að 24 eininga á framhaldsskólastigi.

Áhersla er lögð á námstækni og að námsmenn efla sjálfstraust sitt og styrki stöðu sína í almennum greinum. Námsgreinar eru stærðfræði, danska, enska, íslenska, námstækni og sjálfstyrking. Kennsluáætlanir taka mið af grunnáföngum framhaldsskólans.

Verð: 51.000,-

Félagsliðabré

Félagsliðabré er ætluð fólki sem vinnur við umönnun, t.d. á öldrunarheimilum, í heimaþjónustu eða við heimahlýningu. Þetta er fjögurra ára einingánám sem kennt er samkvæmt námsskrá menntamálaráðuneytisins. Námið er 32 einingar og eru kenndar 8 einingar á hverri önn.

Þátttakendur þurfa að hafa 3ja ára starfsreynslu við umönnun ásamt því að hafa lokið samtals 230 stundum í starfstengdum námskeiðum. Félagsliðanámið hefur fest sig í sessi, er viðurkennt á vinnu- markaði og félagsliðar eftirsótt starfsstétt.

Verð: 21.000,-

Fagnámskeið 2

Fagnámskeið 2 er námsleið fyrir starfsmenn í félags- og heilbrigðisþjónustu. Námið er metið af menntamálaráðuneyti til 5 eininga á framhaldsskólastigi. Efnisþættir: Skyndihjálp, Sálræn skyndihjálp, Líkamsbeiting og vinnustaða, Almenn sálfræði og siðfræði, Samskipti á vinnustað - einelti, Þjónustulund og framkoma, Áhrif mataræðis á heilsuna, Hreinlæti og smit, Algengir sjúkdómar, Sýkingar á stofnunum, Smit og smitleiðir.

Verð: 12.000,-

Skref til Sjálfshjálpar

Skref til sjálfshjálpar er 60 kennslustunda námsleið ætluð fólki sem á við lestrar- og ritunarferfiðleika að stríða. Tilgangur námsins er að styrkja þátttakendur í lestri og ritun og auka þar með starfshæfni þeirra og möguleika til frekara náms.

Helstu námsþættir eru: Lestur, stafsetning, ritun, tölvutækni og sjálfstyrking.

Verð: 10.000,-

Skrifstofuskólinn, kvöld- eða dagnám

Skrifstofuskólinn er 240 kennslustunda námsleið frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Skrifstofuskólann má meta til styttingar náms í framhaldsskóla til allt að 18 einingum. Námið er ætlað fólki sem er eldra en 20 ára sem hefur áhuga á að starfa við almenn skrifstofu störf. Markmið Skrifstofuskólans er að auka sjálfstraust þátttakanda til að takast á við almenn skrifstofustörf og stuðla að jákvæðu viðhorfi þeirra til áframhaldandi náms.

Helstu námsþættir eru: námstækni, sjálfsstyrking og samskipti, tölvu- og upplýsingaleikni, verslunar- reikningur og bókhald, þjónusta, enska og færnimappa.

Fræðsluaðili og staður: SÍMEY, Þórsstíg 4, Ak.

Leiðbeinandi: Ýmsir leiðbeinendur

Tími og dags: Kvöldnámið hefst 12. sept. og dagnámið 19. sept.

Tímafjöldi: 150 klst.

Verð kr: 41.000,-

Sterkari starfsmaður

Sterkari starfsmaður – upplýsingatækni og samskipti. Námsleiðin er ætluð fólki á vinnumarkaði sem vill auka færni sína í starfi, auðvelda þeim að takast á við breytingar í starfi og auka leikni þeirra í upplýsingatækni og tölvum. Markmið námsleiðarinnar er að auka færni þátttakanda til að takast á við breytingar, stuðla að jákvæðu viðhorfi þátttakanda til nýjunga, upplýsingatækni, samskipta og símenntunar og gera þá eftirsóknarverðari starfsmenn. Í náminu er lögð áhersla á að þátttakendur læri ákveðna námstækni, eflist og styrkist og auki þar með sjálfstraust sitt.

Fræðsluaðili og staður:	SÍMEY, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi:	Ýmsir leiðbeinendur
Tími og dags:	Byrjar í október.
Tímafjöldi:	100 klst.

Verð 25.000,-

Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum - fjarnám

Markmið

Þessi námsleið er ætluð samstarfsfólki stjórnenda sem þurfa að búa yfir fjölbreyttri hæfni til að auðvelda framgang verkefna og tryggja efndir. Markmiðið með náminu er að þátttakendur læri hagnýtar aðferðir á sviði stjórnunar og samskipta til að takast á við flóknari verkefni á vinnustað og aukna ábyrgð. Einnig stefnt að því að stjórnendur hafi faglegt og úrræðagott starfsfólk sér við hlið sem getur unnið sjálfstætt og af öryggi og þannig dregið úr margskonar álagi sem fylgir auknum hraða og kröfum á vinnustað. Þátttakendur fá innsýn inn í störf og ábyrgð stjórnenda og á mikilvægi starfa innan margvíslegra stjórnunareininga á vegum ríkisins. Lögð er áhersla á sveigjanleika, sjálfstæði og skipulagshæfni þátttakenda til að geta tekist á við flókin verkefni sem kalla á yfirgripsmikla yfirsýn. Starfsfólk í stjórnunareiningum fær einnig þjálfun í samskiptafræðum til að geta komið fram fyrir hönd stjórnenda og unnið í teyrum á vinnustað. Þá eiga þátttakendur að geta tekið á vafamálum og ágreiningsmálum á markvissan og uppbyggjandi hátt.

Námslýsing

Í okkar hraða þjóðfélagi hefur þörfin fyrir gott starfsfólk í stjórnunareiningum aldrei verið meiri. Þetta starf krefst þess að starfsmaðurinn sé alltaf til taks og geti unnið hratt og fumlaut úr þeim vandamálum sem upp kunna að koma. Starfsmaðurinn þarf að hafa víðtæka þekkingu á mörgum sviðum, eins og fram kemur í námsþáttunum hér að neðan. Starfsfólk í stjórnunareiningum þarf að geta hlustað á stjórnandann og hinn almenna starfsmann, miðlað málum og veitt ráðgjöf. Starfsmaðurinn þarf að geta tekið á móti skilaboðum og komið þeim til skila á rétta aðila, séð um upplýsingamiðlun innan stofnunar sem utan og oft á tíðum sett upplýsingar inn á vef. Starfsmaðurinn þarf að hafa mikla skipulagshæfileika, vera góður í samskiptum, geta starfað sjálfstætt og vera nákvæmur í vinnubrögðum. Hann þarf einnig að geta skipulagt fundi, séð um fundarboð og unnið úr fundargögnum. Öll þessi störf krefjast góðrar tölvukunnáttu og skipulagshæfni. Námið samanstendur af 11 námsþáttum sem eru alls 52 kst.

Námsþættir

Fundarsköp, skilvirkir fundir og viðburðarstjórnun (4 kst)
Uppsetning og röðun tækja og rafræn skipulagning (4 kst)
Samskipti á vinnustað (4 kst)
Leiðtogahæfni (4 kst)
Líkamsbeiting og álagsstjórnun (4 kst)
Þjónustustjórnun (8 kst)

Gæðastjórnun (4 kst)
Viðhorf og virkni í breytingum (4 kst)
Hugkortagerð (e. mind manager) (4 kst)
Upplýsinga-og skjalastjórnun (8 kst)
Drifkraftur í teymisvinnu (4 kst)

Lengd: 52 kst

Nánari námslýsingu má finna hér

Staður og stund

25.okt -2. des., kennt er á þriðjudögum og föstudögum kl. 13:00-15.50. Námskeiðið er fjarkennt á Akureyri hjá SÍMEY, Þórsstíg 4.

Fyrir hverja

Námið er ætlað skrifstofufólki sem vinnur mikið með stjórnendum og vill sérhæfa sig í þannig samstarfi. Þetta er nám til að treysta verklag starfsmanna í stjórnunareiningum og veita þeim viðurkenningu á framlag sitt.

Umsjón

Steinunn I. Stefánsdóttir, M.Sc. í viðskiptafræði og í streitufræðum, Haraldur Á Hjaltason, rekstrarráðgjafi og framkvæmdastjóri hjá Artemis, Gunnar Jónatansson, framkvæmdastjóri IBT á Íslandi, Guðrún Sverrisdóttir, ráðgjafi í þjónustustjórnun og Jóhanna Gunnlaugsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands og ráðgjafi í upplýsinga-og skjalamálum.

Námskeiðið er án endurgjalds fyrir félagsmenn aðildarfélaga Starfsmenntar

Verð fyrir greiðandi þátttakendur: 52.000,-

Excel I

Þetta námskeið er ætlað byrjendum og þeim sem kunna lítið í Excel. Þátttakendur þurfa að hafa nokkra reynslu af því að vinna við tölvur en vilja læra undirstöðuatriðin í töflureikninum.

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur:

- Skilji uppbyggingu töflureikna
- Tileinki sér nákvæmni í ritun texta og talna
- Læri formúlugerð með og án innbyggðra reiknifalla
- Verði færir um gerð og viðhald reiknilíkana
- Útlitsmóta texta og tölur
- Skipta efni rétt niður á síður og beita blaðsíðutali og föstum skilaboðum
- Læri gerð myndrita (línu- og súlurit)
- Beita prentskoðun og mismunandi aðferðum við útprentun

Fræðsluaðili og staður: SÍMEY og Tölvufræðslan, Þórsstíg 4, Ak.

Leiðbeinandi: Helgi Kristinsson

Tími og dags: Hefst mán. 6. okt.- 27. okt., kl. 17:00-20:00

Tímafjöldi: 12 klst. 4 skipti

Verð 26.000,-

Excel II

Þetta námskeið er fyrir þá sem hafa sótt námskeiðið Excel I eða hafa reynslu af vinnu við forritið.

Á námskeiðinu verður m.a. farið í eftirfarandi þætti:

- Almenn gerð á formúlum auk notkunar innbyggðra reiknifalla
- Meðhöndlun gagna í töflum með röðun og síun
- Fjölvar (e: macros)
- Skilyrt formun (e: conditional formatting) og prófun innsláttar (e: data validation)
- Gagnagrunnsföll og samanburður gagna (e: consolidating)
- Listar og XML
- Venditöflur (e: pivot tables), innflutningur gagna úr öðrum kerfum
- Gerð myndrita og útlitsformun þeirra
- Einnig verður farið í önnur atriði eftir því sem tíminn leyfir

Fræðsluaðili og staður: Tölvufræðslan, Þórsstíg 4, Ak.

Leiðbeinandi: Sigvaldi Óskar Jónsson

Tími og dags: Hefst mán. 15. nóv. – 6. des., kl. 17:00-20:00

Tímafjöldi: 12 klst. 4 skipti

Verð 26.000,-

Tölvunámskeið fyrir eldri borgara

Markmið námskeiðsins er að þátttakandinn kemst í raun um að það er algerlega ástæðulaust að óttast tölvur. Þátttakandinn kemst líka að raun um að hægt er að komast langt í tölvunotkun með lítilli fyrirhöfn. Þátttakandinn öðlast grunnþekkingu í tölvunotkun.

Fræðsluaðili og staður: SÍMEY og Tölvufræðslan, Þórsstíg 4, Ak
Leiðbeinandi: Helgi Kristinsson
Tími og dags: Mán. 27. sept. - 1. nóv. kl. 10:00-12:00
Tímafjöldi: 12 klst. 6 skipti

Verð 26.500,-

Gott tölvunámskeið

Fyrir alla þá sem vilja afla sér grunnmenntunar í hagnýtri tölvunotkun. Í upphafi er rætt um tölvur almennt t.d. hver er munurinn á vél- og hugbúnaði, hvað þarf að hafa í huga þegar tölva er keypt. Notkun á lyklaborði og mús er kennd en síðan er farið í grunnatriði stýrikerfisins s.s. stillingar á mús, litum og skjávörn.

Farið er í grunnatriði ritvinnslunnar, s.s. ritun, leiðréttingu og uppsetningu á texta. Kennir er hvernig breyta má lettri, s.s. stærð, gerð, lit og áherslum.

Kennir er hvernig skoða má vefsíður og leita eftir margvíslegum upplýsingum, t.d. hvernig leita má í símaskrá, lesa blöð og skoða færð á vegum.

Farið er í grunnaðgerðir töflureiknis, s.s. uppbyggingu á töflum og formúlum. Kennir er hvernig einföld reiknilíkön eru búin til og þeim breytt.

Fræðsluaðili og staður: Tölvufræðslan, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Helgi Kristinsson
Tími og dags: Mán. 27. sept. - 10. nóv., kl. 17:00-20:00.
Tímafjöldi: 24 klst. 8 skipti

Verð 46.000,-

Photoshop – Lærðu að vinna með ljósmyndir!

Námskeið fyrir þá sem vilja læra undirstöðuatriðin í að vinna með ljósmyndir.

Meðal þess sem farið er yfir eru breytingar á ljósmyndum, t.d. breyta hlutum á myndum, klippa saman myndir og að vinna með myndir í mörgum lögum. Einnig hvernig má lagfæra rauð augu, skrámur og skemmdir á myndum. Farið er yfir tegundir mynda og hvernig má klippa þær, stækka og minnka að vild og hvernig best er að geyma myndir.

Eftir námskeiðið eiga nemendur að vera færir um að vinna á eigin spýtur með ljósmyndir til lagfæringa og breytinga.

Notast er við Photoshop við kennsluna og læra nemendur að nota algengustu tól forritsins. ATH! Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa nokkra reynslu af því að vinna við tölvur.

Fræðsluaðili og staður: SÍMEY og Tölvufræðslan, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Ingvar Karl Þorsteinsson
Tími og dags: Miðvikudagar.5. - 26. okt., kl. 17:00-20:00
Tímafjöldi: 12 klst. – 4 skipti

Verð 26.000,-

Tölvunámskeið fyrir lesblinda

Mjög gagnlegt námskeið sem opnar lesblindum nýjan heim! Námskeiðið miðar að því að kynna fyrir nemendum þau verkfæri sem geta nýst lesblindum og öðrum við lestur og skrift með það að markmiði að auka færni þeirra. Námskeiðið er sérlega hagnýtt og nýtist jafnt heima sem og í starfi. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur öðlast öryggi og færni í notkun helstu verkfæra (hugbúnaða) sem í boði eru. Má þar nefna hugbúnað sem les af tölvuskjá, fylgifyrirt Windows (Office), upplestrar-hugbúnaður, tölvupóstur, stafrænar myndavélar, hljóðupptökutæki og talgreinir. Námskeiðið hentar jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna.

Fræðsluaðili og staður: SÍMEY í samstarfi við Félag Lesblindra á Íslandi
Leiðbeinandi: Snævar Ívarsson formaður FLI
Tími og dags: 16.- 18. nóvember frá kl. 17-21.
Tímafjöldi: 12 klst.

Verð 26.000,-

Lightroom

Námskeið í notkun myndvinnsluforritsins Lightroom frá Adobe. Farið verður yfir helstu þætti utan-umhalds mynda í forritinu, lykla, skrár o.s.frv. Einnig verður farið ítarlega í myndvinnslumöguleika forritsins.

Fræðsluaðili og staður: SÍMEY, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Helga Kvam
Tími og dags: Mánudagur 17. – 31. október frá kl. 19:30 – 21:30
Tímafjöldi: 6 klst.

Verð 9500,-

Word – fyrir þá sem vilja læra að setja upp ritgerðir

Þetta námskeið er eingöngu fyrir þá sem hafa þjálfun í að vinna í Word og vilja nýta sér eiginleika forritsins til að setja upp ritgerðir á skjótan og einfaldan hátt

Kennt verður:

Page Break, Section Break, Column Break. Hvernig Sectionir eru forsenda mismunandi uppsetninga á skjali svo sem eins og Portrait, Landscape, mismunandi blaðsíðutal og ólíkir síðuhlutar.

Kennt verður á Microsoft Word útgáfu 2010

Fræðsluaðili og staður: Tölvufræðslan, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Helgi Kristinsson
Tími og dags: Mán. 10. - 24. okt., kl. 19:00-21:00.
Tímafjöldi: 6 klst. 3 skipti

Verð 14.000,-

Apple námskeið – fyrir byrjendur

Varstu að eignast þína fyrstu Apple tölvu? Langar þig að læra að rata í nýju umhverfi? Á námskeiðinu verða kenndar helstu aðgerðir, hvernig á að hugsa um gögn og myndir ofl. Kynnt verða helstu forrit sem fylgja Apple tölvum. Þátttakendur mæta mig eigin tölvu á námskeiðið.

Fræðsluaðili og staður: Tölvufræðslan, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Ólafur Jónsson tölvunarfræðingur
Tími og dags: Þri. 11. - 25. okt., kl. 19:30-21:30.
Tímafjöldi: 6 klst. 3 skipti

Verð 9.000,-

Ljósmyndirnar í Picasa (ókeypis hugbúnaður)

Námskeiðið er fyrir þá sem hafa gaman að ljósmyndum og vilja halda betur utan um myndasafnið sitt, bæta smávægilega galla í myndum, prenta þær út, búa til leitarkerfi eða útbúa myndasýningar á geisladiska sem tækifærisgjafir.

Það helsta sem farið verður í á námskeiðinu:

- Hvar nálgast má forritið og uppsetning þess
- Hvernig skoða á myndir og hvernig þær flokkast
- Hvernig setja á myndir af myndavélum eða öðrum tækjum inn í forritið
- Hvernig lagfæra má lýsingu, rauð augu og fleiri smágalla.
- Hvernig prenta má út myndir ásamt fleiri framsetningum.

Fræðsluaðili og staður: Tölvufræðslan, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Vilberg Helgason
Tími og dags: 11. okt. 13. okt og 18. okt. frá kl. 20-22
Tímafjöldi: 6 klst.

Verð 13.000,-

Iphone/Ipad námskeið

Farið verður í uppbyggingu stýrikerfisins sem Iphone og Ipad vinna á og sýnt hver munurinn er á þessum öflugum tölvum sem þessi tæki er og venjulegum heimilistölvum.

Farið er í hvaða forrit eru í tækjunum og hvernig virkni þeirra eru, tenging við dagbækur og tölvupóst. Apps store hjá Apple skoðuð og farið yfir hvaða forrit eru í boði og hvernig á setja þau upp og nota, hvort sem um er að ræða ókeypis forrit eða forrit sem borga þarf fyrir.

Itunes sett upp og tónlist og myndbönd sett í símana auk þess sem kennt er að afrita tækin.

Þetta námskeið henta jafnt ungum sem gömlum eða bara þeim sem hafa áhuga á því að vita meira um nýjasta leikfangið sitt og nota það til fullnustu

Fræðsluaðili og staður: Tölvufræðslan, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Vilberg Helgason
Tími og dags: 4. okt. kl. 18 - 21
Tímafjöldi: 3 klst.

Verð 6.000,-

Lærðu á snjallsímman þinn

Komdu og lærðu að Android síminn þinn er miklu meira en bara sími, skilaboð og Internet. Android símar eru litlar smátölvur sem bjóða uppá margt sem tölvan heima í stofu býður uppá. Lærðu hvernig hægt er að taka með sér gögn í símann, tengja símann þinn við tölvupóstinn þinn, dagbókina þína, finna gagnleg forrit á netinu, nota hann við íþróttaiðkun eða bara að leika sér í honum. Fjöldi forrita er í boði fyrir Android síma og farið verður yfir vinsælustu forritin á netinu bæði innlend sem erlend.

Fræðsluaðili og staður: Tölvufræðslan, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Vilberg Helgason
Tími og dags: 17. okt. kl. 18 - 21
Tímafjöldi: 3 klst.

Verð 6.000,-

Jóla kortin í tölvunni

Með stafrænum myndavélum og ótrúlegu framboði forrita er orðið einstaklega auðvelt að útbúa jóla kortin sín sjálfur í tölvunni.

Á námskeiðinu verður farið yfir hvaða forrit eru í boði á netinu til að útbúa jóla kort. Einnig er kennt að setja upp nafnalista í tölvunni og prenta á límmiða án mikillar fyrirhafnar.

Þetta er gott námskeið fyrir bæði byrjendur sem og þá sem hafa nokkra reynslu af tölvunotkun.

Fræðsluaðili og staður: Tölvufræðslan, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Vilberg Helgason
Tími og dags: 15. nóv. og 23. nóv. frá kl. 18:30 – 21:30
Tímafjöldi: 6 klst.

Verð 10.000,-

Stafræn myndbandagerð

Þetta námskeið hentar öllum sem eiga stafræna myndavél, stafræna videomyndavél, gamlar upptökuspólur eða jafnvel farsíma sem getur tekið upp myndbönd.

Farið er í hvernig myndbönd eru sett í tölvuna og skipulögð til klippingar, hvort sem er að stafrænum upptökubúnaði (myndavélar, videovélar og farsímar) eða af myndbandsspólum. Sýnt er hvernig sækja má myndbönd af netinu, s.s. youtube og fleira til að klippa inn í myndböndin.

Notast er við forritið Movie Maker sem hægt er að nálgast ókeypis á netinu

Þetta námskeið hentar bæði byrjendum í tölvum sem og þeim sem hafa nokkra reynslu.

Fræðsluaðili og staður: Tölvufræðslan, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Vilberg Helgason
Tími og dags: 17. okt. – 29. okt. kennt á mán. Frá kl. 19 – 22 og laugardaga frá kl. 10 - 13
Tímafjöldi: 12 klst.

Verð 25.000,-

Basic computer training (a course in english)

Basic computer training (a course in english)

For everyone that wants to gain practical computer skills. It begins with talks about computers such as difference between hardware and software and what you have to have in mind when a computer is bought.

Also the most common Windows configurations are looked at, like controls of the mouse, keyboard, colours, screen savers and installing software from internet.

Microsoft Word basic such as typing, spelling corrections, and the layout of a document. How to change types, size, colour of text and much more.

Then we look at the Internet and learn how to search for things on the web, find phone numbers, read the papers around the world, look at the weather or conditions of roads in Iceland. Also we learn how to translate web pages from Iceland to most languages.

Microsoft Excel is a calculation software where we learn how to make calculation models and edit them.

Location: Tölvufræðslan, Þórsstíg 4, Ak.
Teacher: Vilberg Helgason
Time and date: 24 hours, 27. sept. – 17. nov. 19 - 22

Price: IKR 46.000,-

Enska fyrir atvinnulífið

Enskukennsla fyrir byrjendur. Markmiðið er að þátttakendur auki skilning og hæfileikann til að tjá sig á ensku. Áhersla er lögð á æfingar, samræður og hlustun. Líflægir og fjörugir tímar þar sem tækifæri gefst til að æfa sig og auka sjálfstraustið til að geta átt betri samskipti á ensku, hvort sem er í vinnu, einkalífi eða í námi.

Fræðsluaðili og staður: SÍMEY, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: NN
Tími og dags: Auglýst síðar á www.simey.is
Tímafjöldi: 16 klst.

Verð 29.500,-

Námskeiðið er án endurgjalds fyrir félagsmenn aðildarfélaga Starfsmenntaráðs

Enska fyrir konur - byrjendanámskeið

Námskeiðið er hugsað fyrir byrjendur í ensku. Áhersla verður lögð á talmál, tjáningu, skilning og eflingu sjálfstrausts. Ekki eru gerðar kröfur til mikillar ritunar - og/eða málfræðikunnáttu. Markmið áfangans er að kennslan mæti þörfum og getu hvers og eins í afslöppuðu umhverfi.

Fræðsluaðili og staður: SÍMEY, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Guðrún Arngrímsdóttir
Tími og dags: Byrjar í október.
Tímafjöldi: 16 klst.

Verð 29.500,-

Norska I

Ertu að hugsa um að flytja til Noregs? Er einhver í fjölskyldunni búsettur í Noregi? Eða viltu bara geta talað norsku? Lögð er áhersla á að þjálfna norsku sem talað mál og farið er í grunnatriði málfræðinnar og stafsetningar. Einnig verða helstu mállýskur í norsku lauslega skoðaðar. Námskeiðið er byggt upp á lífflegan hátt þar sem áhersla er lögð á að læra norsku í gegnum spjall, hlustun og raunverulegar aðstæður.

Fræðsluaðili og staður: SÍMEY, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Helgi Þ. Svavarsson
Tími og dags: 26. sept. til 19. okt., mán. og mið. frá kl. 19:00 – 21:00.
Tímafjöldi: 16 klst.

Verð 29.500,-

Norska II

Á námskeiðinu verður farið í frekari tal- og málskilningsþjálfun auk þess sem áhersla verður lögð á að auka orðaforða í daglegu máli. Haldið verður áfram að kynna málfræði lítilla auk þess sem haldið verður áfram að kynnast hinum ýmsu mállýskum í norsku.

Fræðsluaðili og staður: SÍMEY, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Helgi Þ. Svavarsson
Tími og dags: 24. okt. til 16. nóv., mán. og mið. frá kl. 19:00 – 21:00.
Tímafjöldi: 16 klst.

Verð 29.500,-

Spænska fyrir byrjendur

Símeý býður upp á spænskunámskeið fyrir byrjendur. Námskeiðið byggir mikið á talþjálfun og verða undirstöðuatriði spænskunnar kynnt samhliða. Skemmtilegir tímar sem hafa það að markmiði að nemendur öðlist betri þekkingu á fjölbreytileika spænskunnar og menningu spænskumælandi þjóða.

Fræðsluaðili og staður: SÍMEY, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Auður Inga Ólafsdóttir
Tími og dags: 19. sept. - 13 okt. frá kl. 19-21
Tímafjöldi: 16 klst.

Verð 29.500,-

Íslenska fyrir útlendinga

SÍMEY býður uppá fjölbreytt námskeið í íslensku fyrir útlendinga á Akureyri, Dalvík og í Fjallabyggð. Boðið er uppá byrjendanámskeið ásamt nokkrum stigum af framhaldsnámskeiðum. SÍMEY býður einnig uppá starfstengda íslensku fyrir erlent starfsfólk fyrirtækja.

Frekari upplýsingar á www.simey.is, guðrun@simey.is og í síma 460-5723.

Alvöru bókhaldsnámskeið

Markmið okkar með Alvöru Bókhaldsnámskeiðinu er að veita nemendum góða þekkingu og þjálfun í ýmsum verkefnum sem koma fyrir í nútíma bókhaldsvinnu. Þannig verða þeir ekki aðeins færir um að mæta breyttum kröfum síðustu ára heldur geta einnig tekið virkan þátt í þeim nýjungum sem framundan eru.

Til að ná þessu marki höfum við lagt sérstaka áherslu á:

1. Að námsefnið sé raunhæft
2. Að kennarar hafi góð tengsl við atvinnulífið
3. Að faglegum og nútímalegum vinnubrögðum sé beitt við námið

Bókhaldsnámskeið

Námsefnið er samfelld röð raunverulegra fylgiskjala og speglar þar af leiðandi eingöngu raunverulega atburði og færslur, að skattframtali. Eftir merkingu fylgiskjalanna verða þau tölvufærð.

Hverjum námið er ætlað?

Bókhaldsnámskeiðið er ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tókum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem vinna við bókhald.

Á námskeiðinu fá nemendur innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu

Markmið námskeiðsins er að nemendur:

- fái góðan skilning á helstu hugtökum fjárhagsbókhalds
- verði færir um að merkja og flokka öll algeng fylgiskjöl t.d. vörukaup, húsaleigu, síma-kostnað, þjónustugjöld banka og FIT-kostnað
- verði færir um að vinna ýmsar upplýsingar úr bókhaldskerfinu
- kunni skil á sjóðbókarfærslum
- læri að ganga frá uppgjöri og skilum virðisaukaskatts
- læri undirstöðuatriði launaútreiknings og færslur hans í dagbók
- læri að stemma af dagbókarlykla eftir hreyfingalistum og færa nauðsynlegar leiðréttingar
- geti undirbúið uppgjör fyrirtækis
- tileinki sér fagleg vinnubrögð við bókhald

Að námi loknu

Að námi loknu eiga þátttakendur að vera mjög vel færir um að sjá um bókhald smærri fyrirtækja.

Fræðsluaðili og staður: Tölvufræðslan, Þórsstíg 4, Ak.

Nánari upplýsingar gefur Helgi Kristinsson í síma 896-5383

Landnámsþætur - viltu láta drauminn rætast?

Þetta er námskeið fyrir þá sem langar að láta drauminn rætast og fá sér landnámsþætur í garðinn. Hvað þarf að gera. Hvað þarf að varast. Hvernig líður þæturum okkar best, hvernig líður okkur best sem stoltum hænsnaeigendum. Námskeið í máli og myndum þar sem farið verður yfir allt sem máli skiptir varðandi þetta frábæra umhverfisvæna áhugamál. Hægt verður að leggja inn pantanir á ungum í námskeiðslok.

Fræðsluáðili og staður: SÍMEY, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Sigurvin Jónsson
Tími og dags: 11. okt. frá kl. 19:30 – 21:30
Tímafjöldi: 2 klst.

Verð kr: Aðgangur ókeypis

Hristinganámskeið

Námskeið fyrir alla sem vilja læra að gera holla og einfalda hristinga og safa til þess bæta mataræðið og auka vellíðan.

Fjallað verður meðal annars um:

- Margvíslega kosti þess að drekka hristinga.
- Galdurinn við að gera hristinga bæði holla og bragðgóða.
- Kosti þess að gera okkar eigin mjólk (sýnikennsla).
- Hvernig við bætum hristingum inn í mataræðið á einfaldan og fljótlegan hátt (og spörum nokkrar krónur í leiðinni).

Kennd verða einföld og gagnleg ráð og spurningum svarað.

Allir safar og hristingar verða útbúnir á staðnum og að sjálfsgöðu fá allir að smakka. Að auki fá þátttakendur uppskriftirnar með sér heim.

(Námskeiðið hentar einnig mjög vel fólki með mjólkur-, glúten-, eða sykuroþol).

Fræðsluáðili og staður: SÍMEY, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Hrafnhildur Reykjalin Vigfúsdóttir, heilsuþjálfari. www.transform.is
Tími og dags: 10. október kl. 19 - 21
Tímafjöldi: 2 klst.

Verð 5.000,-

Holl nammigerð

Námskeið fyrir alla sem vilja læra að gera hollt og gómsætt nammi fyrir hátíðarnar og önnur tilefni. Nammi sem gert er úr lifandi fæðu inniheldur mikið magn næringarefna, ólíkt því sem hið hefðbundna nammi gerir. Þar sem það hefur einnig minni áhrif á blóðsykurinn, er ekki fallið í vítahring skyndiorkunnar.

- Sýnikennsla þar sem þátttakendur taka virkan þátt.
- Kennnd eru einföld og gagnleg ráð og spurningum svarað.
- Nammið er útbúið á staðnum og að sjálfsögðu fá allir að smakka.
Að auki fá þátttakendur uppskriftirnar með sér heim.

Námskeiðið hentar öllum sem vilja bæta heilsu sína og vellíðan. (Hentar einnig mjög vel fólki með mjólkur-, glúten-, eða sykurþol).

Fræðsluaðili og staður: SÍMEY, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Hrafnhildur Reykjálín Vigfúsdóttir, heilsupjálfi. transform.is
Tími og dags: 21. nóvember kl. 19 - 21
Tímafjöldi: 2 klst.

Verð 5.000,-

Lærðu að taka betri myndir - byrjendanámskeið

Farið verður í allar helstu stillingar myndavéla, myndbyggingu, grunn að myndvinnslu. Nemendur vinna í tímum og heima létt verkefni sem miða að því að gera þá sjálfbjarga á myndavél og í myndvinnsluforriti.

Fræðsluaðili og staður: SÍMEY, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Helga Kvam
Tími og dags: Miðvikudagar 5. – 26. október frá kl. 19 - 22
Tímafjöldi: 12 klst.

Verð 14.900,-

Skapandi ljósmyndun

Fyrir þá sem eru farnir að ná tókum á ljósmyndataekninni. Kynntar verða hinar ýmsu tegundir ljósmynda, farið yfir hina ýmsu stíla í ljósmyndun og margt sniðugt prófað, bæði í kennslustofu og utandyra.

Einnig verður farið í ýmsa þætti myndvinnslu í photoshop.

Fræðsluaðili og staður: SÍMEY, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Helga Kvam
Tími og dags: Miðvikudagar 2. – 23. nóvember frá kl. 19 - 22
Tímafjöldi: 12 klst.

Verð 14.900,-

Tenórröddin í óperunni

Hugmyndin er að kynna tenórröddina eins og hún kemur fyrir í óperunni. Hvernig hljómar hún, hvað einkennir hana og hvernig er hún öðruvísi en aðrar karlmansraddir. Einnig a inn? Hvað er lýrik og hvað er dramatík í þessu samhengi? Hvers vegna viljum við að ákveðnar raddir syngi tiltekin hlutverk?Notað verður mikið af spennandi tóndæmum með fremstu tenórum sögunnar til útskýringar og innblásturs og lögð verður áhersla á að skapa létt andrúmsloft og skemmtilegar umræður.Þátttakendur fá gögn með sér heim sem gera þeim kleift að leita frekari upplýsinga og halda áfram að njóta. Tækni 21. aldarinnar gerir okkur kleift að nálgast stórkostlegustu listamenn óperusögunnar á fljótan og auðveldan hátt án endurgjalds. Á þessu námskeiði verður aðeins stuðst við upptökur og upplýsingar sem eru löglega aðgengilegar öllum á netinu.

Leiðbeinandi á námskeiðinu verður Einar Örn Finnsson. Hann hefur stundað nám í klassískum söng, fyrst í Söngskóla Reykjavíkur og síðan í Berlín, og hefur stúderað efnið í áratugi.

Fræðsluaðili og staður: SÍMEY, Þórsstíg 4, Ak.

Leiðbeinandi: Einar Örn Finnsson. Hann hefur stundað nám í klassískum söng, fyrst í Söngskóla Reykjavíkur og síðan í Berlín, og hefur stúderað efnið í áratugi.

Tími og dags: Laugardagurinn 8. október frá kl. 10 - 16

Tímafjöldi: 6 klst.

Verð 14.900,-

Tónlistarnámskeið fyrir foreldra ungbarna

Námskeiðið er ætlað foreldrum 3-12 mánaða ungbarna. Kennt er 1 sinni í viku, 45 mínútur í senn og lögð er áhersla á að í kennslustundum upplifi börn jákvæða stund með foreldrum sínum þar sem allir sameinast í tónlistinni. Á námskeiðunum eru kennd ýmis lög og leikir og lögð áhersla á tengsl snertingar, söngs og hreyfingar. Einkum er notast við þekkt barnalög, leiki og þulur en einnig kynnt tónlist til hlustunar og leikið með hljóðfæri.

Megintilgangur námskeiðanna er að veita börnunum gleði í upplifun af tónlist og söng og að kenna foreldrum hvernig nota má tónlist til aukinna tengsla og örvunar við börnin þeirra. Rannsóknir hafa sýnt að það að syngja fyrir lítil börn auki einbeitingarhæfileika þeirra og hreyfiþroska. Raddir foreldrana eru þær fyrstu sem ungbörn læra að þekkja og það veitir þeim öryggi og ánægju að heyra þær. Sönghæfileikar skipta því engu máli í þessu samhengi en málið snýst fyrst og fremst um að rækta tengsl foreldris og barns! Sjálfsprottin tónlistariðkun er öllum börnum eðlileg, en það er undir umhverfinu komið hvort þau fá hvatningu og örvun eða ekki og vel upplýstir foreldrar eru best til þess fallnir að stuðla að jákvæðum tónlistarþroska barna sinna

Leiðbeinandi námskeiðsins er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir. Hún er með meistaragráðu í kirkju-tónlist frá Konunglega danska Tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn og starfar sem organisti og barnakórstjóri við Akureyrarkirkju. Hún lagði sérstaka áherslu á barnakórstjórn og tónlistaruppeldi barna í námi sínu. Að auki hefur hún kynnt sér aðferðir við tónlistarkennslu ungra barna og kenningar um tónlistarþroska barna.

Fræðsluaðili og staður: SÍMEY, Þórsstíg 4, Ak.

Leiðbeinandi: Sigrún Magna Þórsteinsdóttir

Tími og dags: Mánudagar. 24. okt. – 28.nóv. frá kl. 10:30 – 11:30

Tímufjöldi: 6 klst.

Verð 9.000,-

Reiða barnið

Námskeiðið er ætlað foreldrum og þeim sem koma að uppeldi barna. Farið er yfir hvernig reiði kemur fram hjá börnum, mögulegar ástæður og ræddar leiðir til að ná stjórn þegar barnið hefur misst stjórn á sér.

Fræðsluaðili og staður: SÍMEY, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Guðný Dóra Einarsdóttir sálfræðingur
Tími og dags: Fimmtudagur 20. október kl. 19:30 - 21:30
Tímafjöldi: 2 klst.

Verð 5.500,-

Sjálfsmynd og samskipti

Farið er í hvernig sjálfsmyndin mótast og hvernig hægt er að breyta henni. Einnig er farið í samskipti og þá sérstaklega hvernig standa eigi á rétti sínum og taka gagnrýni.

Fræðsluaðili og staður: SÍMEY, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Guðný Dóra Einarsdóttir sálfræðingur
Tími og dags: Fimmtudagur 17. nóvember kl. 19:30 - 21:30
Tímafjöldi: 2 klst.

Verð 5.500,-

Viltu hjálpa barninu þínu að læra stærðfræði?

Sigfús Aðalsteinsson stærðfræðikennari í Giljaskóla bendir foreldrum á leiðir til þess að aðstoða börnin sín við heimanám í stærðfræði. Þetta er hugsað fyrir foreldra barna í 8. – 10. bekk.

Fræðsluaðili og staður: SÍMEY, Þórsstíg 4, Ak.
Leiðbeinandi: Sigfús Aðalsteinsson kennari
Tími og dags: Auglýst á www.simey.is síðar
Tímafjöldi: 3klst.

Verð 5.000,-



Þórsstíg 4 • Akureyri • Sími 460-5720 • www.simey.is